

Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga 15. janúar 2016, kl 12.30. Haldinn í fjarfundi.

Mætt voru Friðbjörg Matthíasdóttir, formaður, Daníel Jakobsson, Ingibjörg Emilsdóttir, Pétur G Markan og Sigurður Hreinsson. Einnig sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð Jón Jónsson, menningarfulltrúa velkominn til fundar.

1. Fundargerð stjórnarfundar 12. nóvember 2015

Lögð fram fundargerð stjórnarfundar 12. nóvember 2015 til staðfestingar en fundargerð hafði áður verið send út í tölvupósti. Fundargerð samþykkt.

2. Sóknaráætlun Vestfjarða

a. Skipting framlaga 2016

Kynnt samþykkt stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál frá 11. janúar s.l. um skiptingu framlaga Sóknaráætlunar landshluta til einstakra landshlutasamtaka.

Á árinu 2016 hækkar framlag ríkisins til samninganna um samtals 80 milljónir. Þar af koma 45 milljónir frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og 35 milljónir frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Grunnframlag ríkisins til sóknaráætlana árið 2016 er þannig samtals 630,7 milljónir. Framlög til Vestfjarða hækka um 11.260 þkr og nema 92.851 þkr á árinu 2016, sem er 13,8 % hækkun frá fyrra ári en þá námu framlög 82,5 mkr.

Í erindi stýrihópsins er einnig óskað eftir því að landshlutasamtökin upplýsi stýrihópinn um framlög sveitarfélaga til samningsins árið 2016. Vísað er til að í samningum um sóknaráætlanir fyrir árin 2015-2019 er kveðið á um að "samningsaðilar skuldbinda sig til að vinna að því að auka ráðstöfunarfé til samningsins á samningstímanum".

Framkvæmdastjóri og menningarfulltrúi lögðu fram minnisblað um skiptingu framlaga ársins 2016.

Rætt um efni minnisblaðs og formaður gerði tillögu á grundvelli minnisblaðsins eða sem hér segir.

<i>Sóknaráætlun 2016 – áhersluverkefni:</i>	<i>kr 20.000.000,- (var 14 millj. árið 2015)</i>
<i>Sóknaráætlun 2016 – Uppbyggingarsj.:</i>	<i>kr 65.000.000,- (var 60 millj. árið 2015).</i>
<i>Umsýsla 2016</i>	<i>kr 7.850.750,- (var 8 millj. árið 2015)</i>
<i>Samtals framlag frá ráðuneytum</i>	<i>kr 92.850.750,-.</i>
<i>Áhersluverkefni sveitarfélaga</i>	<i>kr 7.910.000,-. (var 7,9 mkr árið 2015)</i>
<i>í menningarmálum</i>	
<i>Samtals</i>	<i>kr 100.760.750,-</i>

Tillaga um skiptingu Uppbyggingarsjóðs (65 millj.) í potta:

- 1) Stærri verkefni (styrkir yfir eina milljón, óskipt milli nýsköpunar og atvinnuþróunarverkefna og menningarverkefna) – 25 millj.
- 2) Minni verkefni (styrkir allt að einni milljón, óskipt milli nýsköpunar- og atvinnuþróunarverkefna og menningarverkefna) – 20 millj.
- 3) Stofn- og rekstrarstyrkir til menningarstofnana – 20 millj.

Framlög sveitarfélaga til Sóknaráætlunar Vestfjarða verði óbreytt með vísan til samþykktar fjárhagsáætlunar 2016, en tillaga verði rædd að nýju við endurskoðun fjárhagsáætlunar á 61. Fjórðungsþingi.

Lagt er til að styrkupp hæð sem nemur niðurfelldum styrkjum á ári hverju verði bætt við úthlutun næsta árs úr sömu pottum.

Tillögur að áhersluverkefnum verði kynntar samráðsvettvangi sveitarfélaga á fundi 22. janúar n.k. og í framhaldinu verði kynning fyrir samráðsvettvangi Sóknaráætlunar Vestfjarða

Tillagan samþykkt.

Jón Jónsson yfirgaf fundinn.

b. Fundargerðir stýrihóps stjórnarráðsins

Lögð fram til kynningar fundargerð stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál frá 21. desember s.l..

3. Byggðamál - Skýrsla Byggðastofnunar og Hagfræðistofnunar

Kynnt skýrsla Byggðastofnunar *Hagvöxtur landshluta 2009-2013* sem kom út í desember s.l. Rætt um efni skýrslunnar en niðurstaða hennar er afgerandi um erfiða stöðu byggðar á Vestfjörðum í samanburði við aðra landshluta.

Formaður lagði fram tillögu sem hér segir;

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga lýsir miklum áhyggjum af þeirri stöðu sem lýst er í skýrslu Byggðastofnunar, Hagvöxtur landshluta 2009-2013. Óskað verði eftir fundi með ríkisstjórn þar sem lögð verði fram tillaga að aðgerðaráætlun sem byggji á tillögu samráðsfundar sveitarfélaga á Vestfjörðum. Aðgerðir verði mótaðar í framhaldinu í samráði við ríkisstjórn og verkefnalýsing verði unninn inn í frumvarp til fjárlaga 2017 og inn í frumvarp til fjáráukalaga 2016. Framkvæmdastjóra falið að gera tillögur að verkefnalista að 10 áhersluverkefnum og leggja fyrir samráðsfund sveitarfélaga.

Í ljósi þess vanda sem uppi er þá hvar stjórn FV hve stjórnvöld tefja framgang vaxtargreina á Vestfjörðum með s.s. við afgreiðslu leyfisveitinga til fiskeldis.

Tillagan samþykkt.

4. **Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum „Eftir gegnumslátt 2019“.**

Kynntur rammi að áhersluverkefni FV innan Sóknaráætlunar Vestfjarða *Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum. Eftir gegnumslátt*. Unnið í samstarfi FV, Teiknistofunnar Eik og Efla verkfræðistofu.

Stofnað verður til verkefnahóps sveitarfélaga sem verði til ráðgjafar við mótun stefnunnar. Rætt hefur verið við Strandabyggð og Reykhólahrepp um að fulltrúar sem sveitarfélögin hafa skipað í ráðgjafanefnd svæðisskipulags sveitarfélaganna og Dalabyggðar, sitji í þessum verkefnahópi.

Rætt um efni máls. Stjórn felur framkvæmdastjóra að skerpa á áherslum verkefnisins með samstarfsaðilum og kynna verkefnið á fundi samráðsvettvangs sveitarfélaga.

5. **Samráðsfundur sveitarfélaga á Vestfjörðum.**

Kynnt tillaga að dagskrá fyrsta samráðsfundar sveitarfélaga samkvæmt nýjum samþykktum FV. Boðað er til fundarins föstudaginn 22. janúar n.k., á Hólmavík.

Efni fundarins er sem hér segir;

- kynnt staða verkefna í sóknaráætlun og tillögur að nýjum áherslum verkefnum og tillögur að skiptingu fjármagns til verkefna á árinu 2016.
- kynnt staða verkefna FV
- rætt um stöðu og framhald Umhverfissvöðunar sveitarfélaga og niðurstöður skólaþings FV
- Unnið að stefnumótun starfsemi FV
- Unnið að tillögum í aðgerðaáætlun fyrir Vestfirði

6. **Samgöngu og fjarskiptanefnd**

Lögð fram fundargerð samgöngu og fjarskiptanefndar frá 8. desember 2015. Formaður gerði tillögu

Stjórn FV staðfestir tillögu nefndarinnar um endurskipa fulltrúa í starfshóp um val á vegstæðum um Dynjandisheiði. Nýir fulltrúar verði Ásgeir Jónsson og Sigurður Hreinsson. Kallað verði til fundar í starfshópnum nú í janúar en hann hefur ekki komið saman hátt í tvö ár.

Tillagan samþykkt.

Formaður gerir tillögu um samþykkt varðandi samgönguáætlun.

Samgönguáætlun er grundvallarskjal fyrir stefnumörkun samgangna í landinu. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga lýsir yfir vonbrigðum sínum að ítrekað er afgreiðsla áætlunar frestað og skorar á ríkisstjórn og Alþingi að vinna að málinu af alvöru. Ólíðandi er að það vinnulag að einstaka vegaframkvæmdir séu útlistaðar í breytingartillögum fjárlaganefndar. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skorar því á Alþingi að afgreiða Samgönguáætlun án tafar og nýta hana við forgangs röðun verkefna.

7. Fundargerðir og ályktanir landshlutasamtaka sveitarfélaga. Vísað til næsta fundar.

Formaður sleit fundi kl 14.00 og kynnti að næsti reglulegi fundur stjórnar verði þann 11. febrúar n.k.